

1871.

27. júní.

56. Bréf dómsmálastjórnarinnar til amtmannsins yfir norður- og austurumdæminu, um þóknun fyrir jarðabætur á Möðruvöllum.

Með bræfi 27. febr. þ. á. hefir amtið sent hingað bænarskrá, þar sem fyrrum amtmaður yfir norður- og austurumdæminu Havstein sækir um, að sér verði borgaðir 250 rd. sem endurgjald fyrir engjabætur á jörðunni Möðruvöllum, sem hann hefir látið gjöra á seinni árum, og hefir amtið, með því skoðunargjörð, sem fram hefir farið, og tvö vitnisburðarskjöl manna, sem þekkt hafa jörðina áður, virðast sanna, að jarðabætur þessar hafi verið mjög gagnsamar, og vegna þess þær hafa verið gjörðar í þeirri von, að sá styrkur úr umboðssjóði Möðruvalla klausturs, sem veittur var með bræfi stjórnarráðsins 1. júlí 1864 til þess að skera fram og rækta mýri nokkra, sem heyrir jörðunni til, fengist einnig til annara jafn-gagnlegra fyrirtækja, stungið uppá, að tæð upphæð, eða að minnsta kosti 200 rd., sem skoðunarmennirnir hafa metið kostnaðinn, verði endurgoldnir amtmanni Havstein af tæðum sjóði.

Útaf þessu gefst yður til vitundar, yður til leiðbeiningar og svo þér birtið það og gjörið þær ráðstafanir, sem með þarf, að stjórnarráðið í þessu skyni veitir sækjanda 200 rd., sem má borga af tekjum umboðsins og skal jafnframt skirskotað til þessa bréfs.

28. júní.

57. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins yfir Íslandi, um lán til vegabóta úr hjalparsjóði.

Í bræfi 21. apríl þ. á. hafið þér, herra stiptamtmaður, skýrt frá, að 1390 rd. þurfi til mikilvægra vegabóta á þjóðveginum í Rangárvallasýslu, sem þér hafið skýrt frá og eigi verður hjá komizt á þessu ári, en af þessari upphæð geti sýslan aðeins galdið 340 rd., og hafið þér því lofað sýslunni tillagi úr vegasjóði amtsins, sem samsvari $\frac{1}{3}$ parti af því vegagjaldi, sem heimtað verður saman á árunum 1872 og 1873, eða hér um bil